

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2024

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar)**

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. september 2024, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (afnám þjónustusviptingar). Deildin fagnar frumvarpinu og ítrekar fyrri afstöðu og athugasemdir þegar samhljóma frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi.

Sú þjónustusvipting sem komið var á með lögum nr. 14/2023 í mars 2023 í 8. mgr. 33. gr. laga um útlendinga kom til framkvæmda með fyrirséðum alvarlegum afleiðingum fyrir hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd. Líkt og bent var á af hálfu fjölmargra félagasamtaka í umsögnum og umræðum um ofangreinda þjónustusviptingu, stenst ákvæðið ekki alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda.

Í aðdraganda ofangreindrar lagasetningar sendi Íslandsdeild Amnesty International allsherjar- og menntamálanefnd umsögn um fyrirhugaðar breytingar á útlendingalögum. Í henni sagði m.a. að með því að heimila skerðingu á grunnþjónustu er varðar fæði, húsnæði og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu er hætt við því að alvarleg vandamál skapist og velferð fólks sé stefnt í hættu. Mikilvægt er að tryggja að einstaklingar fái notið mannréttinda sinna að fullu þegar fyrir liggur framkvæmdarhæf ákvörðun í málum þeirra sérstaklega í ljósi þess að slík ákvörðun komi oft ekki til framkvæmda svo mánuðum skiptir. Sá sem bíður endursendingar nýtur þá hvorki réttar til almennrar félagsþjónustu né hefur hér atvinnurétt nema að ströngum skilyrðum uppfylltum.

Nú hefur komið í ljós, líkt og fyrirséð var, að skerðing eða niðurfelling á þjónustu er varðar grunnvelferð fólks felur í sér alvarleg vandamál þar sem fólki er ekki tryggð lágmarks framfærsla né réttur til húsnæðis á nokkurn hátt. Fólk sem hefur verið þjónustusvipt hafði ekki í nein hús að venda þar til með tímabundinni lausn stjórnvalda um neyðarsamning við Rauða kross Íslands. Þrátt fyrir þá tímabundnu lausn verður að leggja áherslu á mikilvægi þess að fólk njóti grunnheilbrigðisþjónustu **samkvæmt lögum** á meðan það dvelur hér á landi. Þau réttindi sem hér um ræðir eru meðal annars tryggð í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er aðili að og hefur fullgilt, auk Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið lögfestur á Íslandi.

Þrátt fyrir að í nýlögfestu ákvæði segi að ekki sé heimilt að fella niður réttindi alvarlega veikra og fatlaðra einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir virðist sú undanþága frá þjónustusviptingu ekki vera virt í reynd. Í áðurnefndri umsögn Íslandsdeildar Amnesty International var sérstaklega bent á að deildin hefur áður gert alvarlegar athugasemdir við mat stjórnvalda á því hvort umsækjendur um alþjóðlega vernd teldust vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna m.a. veikinda eða fötlunar. Þrátt fyrir umrædda undantekningu á meginreglunni um niðurfellingu þjónustu, er ljóst að breytingin hefur samt sem áður bitnað einna harðast á einstaklingum í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Íslandsdeild Amnesty International hefur átt gott samtal við önnur félagasamtök sem vinna beint og náið með fólki sem hefur verið þjónustusvipt og er ljóst að dæmi eru um að einstaklingar sem augljóslega falla undir skilgreiningu á fólki í sérstaklega viðkvæmri stöðu skv. 33. gr., svo sem börn og fatlaðir, hafa verið þjónustusviptir.

Íslandsdeild Amnesty International harmar að ekki hafi verið tekið tillit til ítrekaðra varnaðarorða í aðdraganda lagasetningarinnar vorið 2023 og hvetur Alþingi til lögfesta frumvarp þetta um breytingu á lögum um útlendinga er varðar afnám þjónustusviptingar.

Að lokum minnir Íslandsdeildin á að á íslenskum stjórnvöldum hvílir þjóðréttarleg skylda að tryggja grundvallar mannréttindi allra.

Virðingarfyllst



---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International